

6. gr.

Ef síðar þætti betur henta, er heimilt að veita nemendum í 8. bekk, þ. e. við unglingspróf, verðlaun úr sjóðnum. Þá kjósa kennarar þeirra deilda kennara í stjórn sjóðsins.

7. gr.

Reikningar sjóðsins skulu árlega sendast Fræðsluskrifstofu Reykjavíkur til endurskoðunar.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Ingibjargar Brandsdóttur leikfímikennara, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 29. apríl 1969.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð Ingibjargar Brandsdóttur, leikfímikennara.

1. gr.

Sjóðurinn nefnist: Minningarsjóður Ingibjargar Brands, leikfímikennara.

2. gr.

Sjóðurinn var stofnaður árið 1929 af samkennurum Ingibjargar. Stofnfé var kr. 1000.00 — eitt þúsund krónur. — Nú er sjóðurinn kr. 5996.93 í sparisjóði Útveggsbanka Íslands, bók nr. 14104.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla áhuga stúlkna í Miðbæjarskólanum á leikfími og sundi.

Árlega skal veita verðlaun eða viðurkenningu einni eða fleiri stúlkum, sem ljúka barnaprófi. (Ath.: Heimilt er að veita nemendum við unglingspróf verðlaun eða viðurkenningu).

Til verðlauna og viðurkenningar skal bæði taka tillit til árangurs og ástundunar.

4. gr.

Til verðlauna skal verja sem næst $\frac{1}{2}$ vöxtum sjóðsins, en þegar hann er orðinn kr. 10 000.00 — tíu þúsund krónur — má verja allt að $\frac{3}{4}$ vaxta til verðlauna.

5. gr.

Leikfímikennari og sundkennari stúlkna í viðkomandi aldursflokki ásamt prófdómara gera tillögu um veitingu verðlauna og viðurkenningar. Ef ekki er samkomulag um hverjar skuli hljóta verðlaun eða viðurkenningu, sker skólástjóri úr.

6. gr.

Sjóðurinn er í vörzlu skólástjóra Miðbæjarskólans. —

Reikningar sjóðsins skulu árlega sendast Fræðsluskrifstofu Reykjavíkur til endurskoðunar.